

56 félagið, sbr. 3. gr. Ef henta þykir, skal stjórnin kosin til þriggja ára, og gangi 8. maí einn maður úr stjórninni á hverju ári, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti, og kýs aðalfundur mann í stað þess er úr gengur.

Á aðalfundi skulu og rædd félagsmál, kosinn endurskoðandi, úrskurðaðir reikningar félagsins, er stjórnin semur fyrir næsta ár á undan o. s. frv.

Afrit af ársreikningunum skal sent landssímastjóra.

6. gr.

Sveitarstjórnir Hvamms- og Dyrhólahreppa ábyrgjast starfrækslu einkasímanna eftir því sem landssímastjóri mælir fyrir um, og að línunum sé að öllu vel við haldið.

7. gr.

Brot gegn þessari samþykkt varða sektum allt að kr. 200.00, er renna í sveitarsjóð Hvamms- og Dyrhólahreppa, að hálfu til hvors.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. maí 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.

57
3. júní

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir

Ólafsvíkurkaupþún.

1. gr.

Takmörk Ólafsvíkurhafnar eru Ytra klif að austan, en Ólafsvíkurtangi og Ytri hafnargarður að vestan.

2. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja á Ólafsvíkurhöfn, og til árlegs reksturskostnaðar hafnarinnar, skal stofna hafnarsjóð fyrir Ólafsvíkurkaupþún.

3. gr.

Tekjur hafnarsjóðs eru fyrst um sinn þessar, þar til öðruvísi verður ákveðið:

Vörugjald af vörum, sem fluttar eru á land innan takmarka Ólafsvíkurhafnar eða skipað þaðan út, skal greiða gjald það, er hér segir:

57
3. júní

1. Af salti kr. 1.00 af hverri smálest
2. — kolum — 1.00 — — —
3. — óverkuðum saltfiski — 1.50 — — —
4. — verkuðum saltfiski — 2.00 — — —
5. — hausuðum og flöttum fiski — 5.00 — — —

Vörugjaldið greiðist af inn- eða útflytjanda hverrar gjaldskyldrar vörutegundar.

Útgerð hvers báts ber ábyrgð á greiðslu gjaldsins samkvæmt 5. lið.

Vörugjaldið skal reikna eftir þyngd vörunnar með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu við 1.—4. lið telst sem heil gjaldeining. Af broti úr gjaldeiningu við 5. lið greiðist hlutfallslegt gjald miðað við gjaldeiningu.

Gjaldið skal ákveða samkvæmt farmskrám skipa eða farmskirteinum, þegar um slík skjöl er að ræða, og er öllum skipaafgreiðslumönnum skylt að láta hafnarnefnd í té, eintak af öllum farmskrám yfir vörur, sem skipað er upp eða út í Ólafsvík, innan sólarhrings, eftir komu eða burtför skipsins.

Öllum bátaformönnum, er fiskiveiðar stunda frá Ólafsvík, ber að kvöldi hvers dags, er til fiskiróðra hefir verið farið, að afhenda hafnarnefnd skýrslu um hve mikið þeir hafi flutt á land þann dag af hausuðum og flöttum fiski. Sá, er afhendir ranga skýrslu, skal sektum sæta samkvæmt 7. gr.

4. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni felur hreppsnefndin hafnarnefnd, er hún kýs til eins árs í senn.

Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 2 úr hreppsnefnd og 3 utan hreppsnefndar, þar af 2 úr tölu sjómanna og 1 úr tölu kaupmanna. Geta þeir ekki skorast undan endurkosningu fyrr en þeir hafa setið í nefndinni 6 ár samfleytt.

Hafnarnefndin sér um viðhald og endurbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

Hafnarnefndin sér ennfremur um innheimtu á gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt 3. gr., hún hefir umsjón með að reglugerð þessari sé hlýtt, og stjórnar hafnarsjóðnum með umsjón hreppsnefndar.

Hafnarnefndin gerir tillögur um starfsmenn hafnarinnar, er hreppsnefnd skipar að fengnum tillögum hennar.

Hafnarnefnd sér einnig um allt er hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps eða atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið kann að fela henni sérstaklega í þarfir hafnarinnar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Áætlun

57 Þessi skal fullsamin fyrir lok nóvembermánaðar. Áætlunin sendist stjórnarráðinu til samþykkta fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjaldliðum eða tekjuliðum.

Við lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, skal hafnarnefnd semja reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðsins á hinu liðna ári, ennfremur reikning um eignir og skuldir hafnarsjóðs í árslokin.

Reikningar hafnarsjóðs skulu, ef unnt er, samdir fyrir 15. janúar, svo sem fyrirskipað er um sveitarsjóðsreikninga, en í síðasta lagi skulu þeir fullsamdir fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Reikninga hafnarsjóðsins skal endurskoða á sama hátt og hreppsreikninga, og skal afrit hafnarsjóðsreiknings fylgja sveitarsjóðsreikningi Ólafsvíkurhrepps.

Reikningar hafnarsjóðs skulu úrskurðaðir af stjórnarráði Íslands.

5. gr.

Eignum og fé hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppsnefndin veitir fé úr hafnarsjóði til verklegra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður hvernig hafnarsjóðinn skuli ávaxta, enda ber hreppsnefndin ábyrgð á innstæðu hafnarsjóðsins og reikningsskilum, og eignum og fé hafnarinnar eins og öðrum eignum hreppsfélagsins.

Hreppssjóður Ólafsvíkurhrepps ábyrgist skuldir hafnarsjóðs.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum frá 10—500 krónum er renna í hafnarsjóð, og skal með mál út af brotum á reglugerð þessari farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 60, frá 28. nóv. 1919 til að öðlast gildi hinn 1. júlí 1931, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1931.

S. Kristinsson.

Vigfús Einarsson.